

Nr. 058 / 11 Andrea SU 51**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6002
Smíðaður: Hafnarfirði 1979 plast
Stærð: 5,2 brl. 5,5 bt.
Mesta lengd: 8,5 m Skráð lengd: 8,41
Breidd: 2,52 m Dýpt: 1,28
Vél: Ford 88 kW 1973
Fjöldi skipverja: 1



Andrea©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. maí 2011 var Andrea SU 51 að draga grásleppunet á Fáskrúðsfirði. Veður: Austan kaldi

Verið var að keyra á netin til að hagræða drættinum og var olúgjöfin aukin verulega til að fá betri virkni á stýrið. Skyndilega greip skrúfan netateinanna og nokkuð högg kom á vélbúnaðinn áður en skipstjóra gafst ráðrúm að kúpla frá. Netin festust ekki í skrúfunni en nokkru eftir atvikið átti að fara að keyra en þá stöðvaðist vélin og festist. Í ljós kom að botnpannan undir gírnum hafði brotnað og smurólfa lekið niður í kjalsogið með þeim afleiðingum að vélin bræddi úr báðum endahöfuðlegum.

Skipstjóri lét drekann falla þar sem stutt var upp í fjöru og óskaði eftir aðstoð. Björgunarbáturinn Hafdís frá Fáskrúðsfirði dró Andreu SU til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að gírinn var festur aftan á vélina, boltaður á krans sem var fastur við hana og pönnuna. Sú tilgáta var sett fram af skipstjóranum að höggið sem kom þegar netið fór í skrúfunna hafi sennilega valdið því að pannan gaf sig;
- að ekki var flauta á aðvörunarkerfi vélarinnar heldur einungis gaumljós sem skipstjórinn tók ekki eftir. Fram kom hjá honum að þetta væri í raun óviðunandi því menn væru með hugann við veiðar eins og í þetta skiptið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en tekur undir að aðvörunarbúnaður með hljóði sé æskilegur.